

Umhverfis- og heilsudagar í Fjarðabyggð

7.-15. maí 2005



Alla mánudaga í maí munu starfsmenn þjónustumiðstöðvar Fjarðabyggðar safna garðaúrgangi og rusli af lóðum.

Hvetjum íbúa til að taka þátt í átaki ISI – Hjólað í vinnuna dagana 2.-13. maí

Fylgist með á www.fjardabyggd.is og í næstu Dagskrá

7

Laugardagur 7. maí. Njótum náttúrunnar

Gefum lífinu sem nú vaknar allt um kring gaum. Hvaða blóm eru farin að blómstra? Hvaða fuglar eru farnir að verpa? Erú komnir ungar? Hvað er að finna í fjörum Fjarðabyggðar?

09:00 Ferðafélag Fjarðamanna stendur fyrir fuglaskoðun á leirum Reyðarfjarðar og Norðfjarðar í samvinnu við Náttúrustofu Austurlands.

8

Sunnudagur 8. maí. Hverfahreinsun - götugrill

Allir íbúar er hvattir til að taka höndum saman og hreinsa rusl í hverfum sínum. Skemmtilegum degi er svo hægt að ljúka með götugrilli eða hverfaveislu.

13:00-15:00: Hestamenn á Reyðarfirði og Eskifirði bjóða á bak. Mæting við hesthúsin.

9

Mánudagur 9. maí. Útikennsla – útivinna

Þennan dag eru skólar í Fjarðabyggð hvattir til að flytja starfsemina út fyrir skólaveggina eins og hægt er. Á sama hátt er hvatt til þess að vinnustaðir nýti daginn til starfa utandyra. A.m.k. eru allir hvattir til að nýta hlé sín sem mest til útiveru.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar safna garðaúrgangi og rusli af lóðum

10

Þriðjudagur 10. maí. Bíllaus dagur

Allir íbúar í Fjarðabyggð hvattir til að fara ferða sinna gangandi og hjólandi. Verðslanir í Fjarðabyggð eru hvattar til að hafa tilboð á útivistarvörum þennan dag.

Láttu þitt ekki eftir liggja!

11

Miðvikudagur 11. maí. Gott er að borða gulrótina...

Íbúar hvattir til þess að neyta ávaxta og grænmetis sem nónhressingar og aukabita. Verðslanir hvattar til að hafa tilboð á ávöxtum, grænmeti og annarri hollustuvöru þennan dag.

18:30 Leiðbeint um notkun göngustafa í Neskaupstað. Mæting hjá íþróttahúsinu í Neskaupstað

Fimmtudagur 12. maí. Sjónvarpslaust kvöld

Þennan dag endurvekjum við gömlu góðu sjónvarpslausu fimmtudagana. Fjölskyldur og vinir hvattir til að sameinast um hreyfingu og notalegar samverustundir. Kvöldganga fjölskyldunnar og gömlu góðu útileikirnir með mömmu og pabba á íþróttavöllum í Fjarðabyggð. Hvern langar ekki í slábolta og fleiri boltaleiki með mömmu og pabba?

Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingar í Fjarðabyggð bjóða upp á mælingar af ýmsu tagi á fjölförnum stöðum.

19:30 Fjölskylduganga og útileikir með mömmu og pabba. Mæting við íþróttahúsin á Reyðarfirði og í Neskaupstað. Á Eskifirði er mæting við Mjóeyri. Þróttur, Austri og Valur.

13

Föstudagur 13. maí. Frítt í sund í Fjarðabyggð

Allir íbúar og nærsveitungar hvattir til að koma og synda sér til heilsuþótar.

Laugardagur 14. maí. Fjöruferð og varðeldur.

Hvetjum alla til að nota daginn til samvista úti í náttúrunni með fjölskyldu og vinum. Hvað er betra en varðeldur í fjöruborði á góðu vorkvöldi? Gleðjumst saman.

11:00 Náttúrustofa Austurlands stendur fyrir fjöruferð fjölskyldunnar. Lífríki og sögur í fjörunni við Útstekk. Fransmaður á lóuveiðum, Gullskipið í hólnum, Magnús sterki og ljónið, verslunarstaður við Útstekk, hvaða skeljar finnast í fjörunni? Mæting við Útstekk í norðanverðum Reyðarfirði.

21:00 Varðeldur og stemning á Mjóeyri.

15

Sunnudagur 15. maí. Golf fyrir alla

13:00-15:00 Allir velkomnir á golfvelli Fjarðabyggðar þar sem hægt verður að fá leiðbeiningar um hvernig á að bera sig að við golflistina. Gjaldfrjáls dagur.